

## ✉ Re: Lýsing á deiliskipulagsverkefni í Stykkishólmi

Búið til	2.6.2021 14:40:03
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	2.6.2021 14:40:02
Tilheyrir	 202105-0006 - Súgandisey, Stykkishólmi, lýsing fyrir gerð deiliskipulagstillögu.

### Efni

Re: Lýsing á deiliskipulagsverkefni í Stykkishólmi

### Upplýsingar

Sent	2.6.2021 14:40:02	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@stykkisholmur.is

### Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0006 (SS).

Vísað er í bréf frá skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar dags. 4. maí 2021 þar sem óskað er eftir ábendingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um auglýsta lýsingu fyrir gerð deiliskipulagstillögu á Súgandiseyju.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur að þar sé fjallað á fullnægjandi hátt um þau atriði sem stofnunin telur mikilvægt að tekið sé tillit til við vinnu deiliskipulagsins þ.e.a.s. samspil áætlaðrar innviðaupbyggingar við náttúru svæðisins. Þörf er á að bæta aðgengi og að skilgreina stíga til að koma í veg fyrir of mikið gróðurask og til að takmarka og stýra betur umferð fólks að klettabrúnum sem er öryggismál en skiptir einnig máli varðandi truflanir fyrir varpfugla og annað lífríki. Þær hugmyndir um útfærslur sem kynntar eru í lýsingunni virðast vinna ágætlega að þessu markmiði og gerðar í sátt við náttúruna. Jákvætt er að taka eigi tillit til verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Æskilegt væri að gera könnun á fuglalífi svæðisins til að meta hvar t.d. viðkvæmustu varpsvæðin eru þ.m.t. í klettum.

Að öðru leyti er Náttúrufræðistofnun ekki með frekari ábendingar en áskilur sér rétt að athugasemdum á seinni stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulagsfulltrúi" <[skipulag@stykkiholmur.is](mailto:skipulag@stykkiholmur.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>  
**CC:**  
**Subject:** Lýsing á deiliskipulagsverkefni í Stykkishólmi  
**Date:** 4.5.2021 11:42:19

Vinsamlegast sendið mér staðfestingu á móttöku efnis.

*Kveðja,*

**Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir**

Skipulagsfulltrúi Stykkishólmsbæjar

[skipulag@stykkiholmur.is](mailto:skipulag@stykkiholmur.is) (<mailto:skipulag@stykkiholmur.is>)

Ráðhúsinu

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur

4338100 / 6977241



Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

Viðhengi

image002.jpg (2 KB)

image003.png (5 KB)

image001.jpg (2 KB)